

Nytjaplöntur á Íslandi 2014

**Yrki, sem mælt er með fyrir landbúnað, grasflatir,
garðrækt og landgræðslu**

*Varieties recommended for Icelandic
agriculture, aminity use and land reclamation*

Útgefandi/Publisher:
Landbúnaðarháskóli Íslands

Ritstjóri:
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

Febrúar 2014

Efnisyfirlit (*Index*)

Túnrækt (*Herbage plants*)

Vallarfoxgras (<i>Phleum pratense</i>)	4
Túnvingull (<i>Festuca rubra</i>).....	5
Vallarsveifgras (<i>Poa pratensis</i>)	5
Beringspuntur (<i>Deschampsia berengensis</i>).....	5
Hálingresi (<i>Agrostis capillaris</i>)	5
Háliðagras (<i>Alopecurus pratensis</i>).....	5
Axhnoðapuntur (<i>Dactylis glomerata</i>).....	6
Vallarrýgresi (<i>Lolium perenne</i>)	6
Hávingull (<i>Festuca pratensis</i>)	6
Sandfax (<i>Bromus inermis</i>)	6
Hvítsmári (<i>Trifolium repens</i>).....	7
Rauðsmári (<i>Trifolium pratense</i>).....	7
Túnsmári (<i>Trifolium hybridum</i>).....	7

Grasflatir (*Amenity grasses*)

Túnvingull (<i>Festuca rubra</i>).....	8
Língresi (<i>Agrostis</i>).....	8
Týtulíngresi (<i>Agrostis canina</i>).....	8
Hálingresi (<i>Agrostis capillaris</i>)	9
Skríðlíngresi (<i>Agrostis stolonifera</i>)	9
Vallarrýgresi (<i>Lolium perenne</i>)	9
Snarrótarpuntur (<i>Deschampsia caespitosa</i>).....	9
Skuggasveifgras (<i>Poa supina</i>)	9
Vallarsveifgras (<i>Poa pratensis</i>)	9
Sauðvingull (<i>Festuca ovina</i>).....	9

Uppgræðsla (*Land reclamation*)

Túnvingull (<i>Festuca rubra</i>).....	10
Vallarsveifgras (<i>Poa pratensis</i>)	10
Beringspuntur (<i>Deschampsia beringensis</i>).....	10
Melgresi (<i>Leymus arenarius</i>)	10
Snarrótarpuntur (<i>Deschampsia caespitosa</i>).....	10
Sauðvingull (<i>Festuca ovina</i>).....	10
Alaskalúpína (<i>Lupinus nootkatensis</i>)	10

Korn til þroska (*Cereals*)

Bygg (<i>Hordeum vulgare</i>).....	11
Hafrar (<i>Avena sativa</i>)	12
Vorhveiti (<i>Triticum aestivum</i>).....	12
Vetrarhveiti (<i>Triticum aestivum</i>)	13
Vetrarrúgur (<i>Secale cereale</i>).....	13

Grænfóður (*Green fodder crops*)

Bygg (<i>Hordeum vulgare</i>).....	14
Hafrar (<i>Avena sativa</i>)	14
Vetrarrúgur (<i>Secale cereale</i>).....	14
Einært rýgresi (<i>Lolium multiflorum</i>)	14
Fóðurmergkál (<i>Brassica oleracea, var. acephala</i>)	15
Fóðurrepja (<i>Brassica napus, oleifera</i>).....	15
Flækjur (<i>Vicia sativa</i>).....	16
Ertur (<i>Pisum sativum</i>).....	16
Einær fóðurlúpína (<i>Lupinus spp.</i>)	16

Garðávextir (<i>Potatoes and swedes</i>)	
Kartöflur (<i>Solanum tuberosum</i>).....	17
Gulrófur (<i>Brassica napus, rapifera</i>).....	17
Ber (<i>Berries</i>)	
Jarðarber (<i>Fragaria × ananassa</i>)	18
Rífsber (<i>Ribes × pallidum, rubrum</i>).....	18
Sólber (<i>Ribes nigrum</i>)	19
Stíkilsber (<i>Ribes uva-crispa</i>).....	19
Iðnaðarplöntur (<i>Industrial plants</i>)	
Olíurepja (<i>Brassica napus, var. olifeira</i>)	20
Olíunepja (<i>Brassica rapa, var. olifeira</i>).....	20
Viðauki I	
Listi yfir kynbótafyrirtæki / eigendur (<i>Breeders / owners of the cultivars</i>).....	21
Viðauki II	
Sáðmagn (<i>Seed rate</i>)	22

Formáli

Listinn Nytjaplöntur á Íslandi er gefinn út af Landbúnaðarháskóla Íslands og uppfærður árlega. Í honum eru listuð þau yrki nytjajurta, sem Landbúnaðarháskólinn mælir með til notkunar við íslenskar aðstæður.

Valið á listann fer eftir því hvernig yrkin hafa reynst í prófunum og tilraunum. Þegar yrki eru valin til prófunar hérlendis, þá er stuðst við prófanir á hinum Norðurlöndunum.

Af þeim tegundum, sem lítt eða ekki hafa verið reyndar í tilraunum hér á landi eru listuð yrki, sem reynst hafa vel í nyrstu héruðum Norðurlandanna. Þess er þá getið, að valið byggist ekki á íslenskum tilraunaniðurstöðum.

Yrki á markaði, sem ekki eru á listanum hafa ýmist ekki verið prófuð á Íslandi eða ekki reynst vel við prófun. Reynt er að hafa nokkur yrki úr að velja fyrir hverja tegund, svo að ekki verði vandræði vegna t.d. skorts á fræi.

Túnrækt (*Herbage plants*)

Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Vallarfoxgras er mjög gott fóðurgras og gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en lakari endurvöxt en margar aðrar tegundir. Það er ágætlega svell- og kuldapolið en þolir síður en ýmsar aðrar tegundir að vera slegið snemma. Það er ekki þurrkpolið.

Adda	Lbhí	Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt. Mjög vetrarpolið.
Engmo	Gram.	Norskt staðaryrki (Local cultivar). Mjög vetrarpolið, en sprettur lítið eftir fyrsta slátt.
Grindstad	TG	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Jonatan	SW	Ágætlega vetrarpolið. Uppskerumikið og gefur þokkalegan endurvöxt.
Korpa	Lbhí	Mjög vetrarpolið. Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt.
Lidar	Gram.	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Noreng	Gram.	Yrki fyrir N-Noreg og er ætlað að leysa Engmo af hólmi. Vetrarþol ágætt en varla eins gott og hjá ýmsum öðrum norðlægum yrkjum. Sprettur þokkalega eftir fyrri slátt.
Nuutti	Bor.	Samkvæmt finnskum rannsóknum gefur það heldur minni uppskeru en Grindstad. Það hefur hins vegar gefið svipaða uppskeru og Grindstad í tilraunum hér á landi og heldur meiri endurvöxt en norðlægu yrkin. Vetrarþol er svipað eða betra en hjá Grindstad.
Rakel	SW	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Snorri	Lbhí	Afrakstur samnoræna kynbóta. Valdar plöntur héðan og úr nyrstu héruðum grannlandanna. Mjög vetrarpolið, nokkuð uppskerumikið en gefur lakari endurvöxt en bestu yrkin.
Switch	SW	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Tenho	Bor.	Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi en minni uppskeru en Grindstad. Í finnskum rannsóknum gaf það betra fóðurgildi en Grindstad. Vetrarþol þokkalegt.
Tuukka	Bor.	Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi en minni uppskeru en Grindstad. Í finnskum rannsóknum hafði það betra fóðurgildi en Grindstad. Vetrarþol þokkalegt. Finnar telja það með vetrarþolnari yrkjum við sínar aðstæður.
Uula	Bor.	Vetrarþolnast af finnsku yrkjunum samkvæmt finnskum niðurstöðum. Hefur aðeins verið prófað hér og var með næst mestu uppskeruna af finnsku yrkjunum, aðeins Nuutti var hærra. Fóðurgildi mjög gott samkvæmt finnskum niðurstöðum.
Vega	Gram.	Uppskerumikið og vetrarpolið. Gefur meiri endurvöxt en sum önnur vetrarþolin yrki.

Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Túnvingull er ekki gott fóðurgras og ætti ekki að nota í almennar sáðblöndur. Hins vegar getur hann átt rétt á sér þar sem hættu er á þurrkum.

Gondolin	DLFT	Mjög lítið prófað hér á landi.
Leik	Gram.	Getur verið aðgangshart í blöndu með vallarfoxgrasi. Mikill puntur.
Reptans	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.
Rubin	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það hefur verið í mörgum grasfræblöndum fyrir tún á undanförunum áratugum og einnig berst villt vallarsveifgras í túnin frá umhverfinu. Það gefur góðan endurvöxt og er ágætt fóður. Það er þó ekki eins lystugt og vallarfoxgras. Það er mjög harðgert, en er ekki eins uppskerumikið og uppskerumestu túngrösin.

Fylking	SW	Lítill puntur, tiltölulega jöfn spretta allt sumarið.
Knut	Gram.	Mjög vetrarþolið yrki.
Kupol	SW	Nýtt yrki, sem á að leysa af Sobra. Afar fíngert. Vetrarþol minna en hjá Knut.
Lavang	Gram.	Mikill puntur, skriður snemma.
Primo	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.
Sobra	SW	Gamalt yrki, uppskerumikið.

Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur er með veikt rótarkerfi fyrstu árin og opinn svörð. Hann þolir beit illa a.m.k. fyrst eftir sáningu og er viðkvæmur fyrir frostlyftingu. Hann er mjög vetrarþolinn og hentar best í hreinrækt í sand- og mýrarjarðvegi.

Origin Norcoast Lbhí

Hálíngresi (*Agrostis capillaris* L.)

Hálíngresi er sjaldan sáð í tún hér á landi en er algengt í gömlum íslenskum túnum. Það er fíngert gras og þétt og gefur ágætan endurvöxt. Það hefur ágætt vetrarþol en fóðurgildi er lakara en hjá t.d. vallarfoxgrasi.

Leikvin	Gram.	Vetrarþol þokkalegt.
Nor	Gram.	Uppskerumikið af língresi að vera. Vetrarþol viðunandi.

Háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.)

Háliðagras er harðgerð tegund, sem sprettur og skriður mjög snemma og þarf því að slá snemma. Það gefur góðan endurvöxt.

Alko	BPG	Lifir þokkalega og gefur ágæta uppskeru.
------	-----	--

Axhnoðapuntur (*Dactylis glomerata* L.)

Axhnoðapuntur hefur lítið verið notaður í túnrækt hér á landi. Hann fer snemma af stað á vorin og það þarf að slá hann snemma til að fá þokkalegt fóður. Hann gefur góðan endurvöxt, er þurrkþolinn en þolir svell og vorfrost ekki eins vel og vallarfoxgras. Hann er ágengur í samkeppni og hentar því best í hreinrækt.

Apelsvoll	Gram.
Hattfjellidal	Gram.
Laban	Gram.

Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Vallarrýgresi er mjög breytileg tegund. Það er uppskerumikið og gott fóðurgras, sem má slá eða beita. Það er ekki vetrarþolið við íslenskar aðstæður en getur lifað í nokkur ár í mildari sveitum. Á undanförunum árum hafa komið fram yrki sem eru vetrarþolnari en þau sem áður voru á markaði. Vallarrýgresi getur bæði verið ferlitna og tvílitna. Ferlitna rýgresi gefur meiri uppskeru og betra fóður. Það hefur hins vegar lægri þurrefnisprósentu.

Birger (4n)	SW	Nokkuð reynt héraendis. Gefur góða uppskeru og er tiltölulega vetrarþolið.
Ivar (4n)	Gram.	Hefur reynst heldur vetrarþolnara en Birger.
Svea (2n)	SW	Mjög snemmsprottið og tiltölulega vetrarþolið.
Trygve (4n)	Gram.	Uppskerumikið í prófunum, nokkuð vetrarþolið.

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)

Hávingull hefur mikið verið notaður í Skandinavíu. Hann er uppskerumikill og gefur ágætan endurvöxt. Þolir ágætlega frost en er ekki eins svellþolinn og vallarfoxgras. Hávingull er heppilegur til ræktunar í blöndu með rauðsmára, vallarfoxgrasi eða öðrum grastegundum. Hann er ágætt fóðurgras.

Ilmari	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið.
Inkeri	Bor.	Uppskerumeira en önnur yrki, sem hér hafa verið prófuð. Vetrarþolið.
Kasper	SW	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Norild	Gram.	Norðlægt yrki. Uppskerumikið og vetrarþolið.
Salten	Gram.	Gamalt yrki, þrautreynt. Uppskerumikið og vetrarþolið.

Sandfax (*Bromus inermis* Leyss.)

Sandfax kemur fremur seint til eftir sáningu. Þurrkþolið og nokkuð uppskerumikið með þokkalegt fóðurgildi. Getur einnig hentað til uppgræðslu. Vetrarþol er varla nógu gott.

Leif	Gram.	Gefur ágæta uppskeru en óvíst um vetrarþol
------	-------	--

Hvítsmári (*Trifolium repens* L.)

Hvítsmára er alltaf sáð með grasi og hentar mjög vel í beitartún en einnig tún sem á að nýta til slægna. Það þarf að smita fræið áður því er sáð í nýtt land. Hann er íslensk tegund og sést víða í túnum. Ný yrki sem eru uppskerumeiri en íslenski hvítsmárin hafa komið á markað á undanförunum árum. Hvítsmári breiðir úr sér með jarðrenglum og á því auðvelt með að auka þekju sína árin eftir sáningu. Hann er ekki uppskerumikill en ágæt fóðurjurt og gefur góðan endurvöxt. Ágætt vetrarþol.

Litago	Gram.	Blaðstærri en Norstar og Snowy. Nokkuð gott vetrarþol.
Norstar	Gram.	Uppspera þokkaleg og vetrarþol gott.
Snowy	Gram.	Uppspera þokkaleg og vetrarþol gott.
Undrom	SW	Gamalt yrki, þrautreynt, en gefur heldur minni uppskeru en Norstar.

Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)

Rauðsmári sést víða á Íslandi sem slæðingur. Hann er uppskerumeiri en hvítsmári og gefur góðan endurvöxt. Hann er einnig góð fóðurjurt. Rauðsmári hefur ekki jarðrenglur og hefur því ekki sömu möguleika á að breiða úr sér og hvítsmárin. Hann hefur hins vegar stólparót og þolir þurrk ágætlega, en er ekki eins vetrarþolinn og hvítsmári. Rauðsmára er sáð í blöndu með grasi. Það þarf að smita fræið áður því er sáð í nýtt land. Það eru til bæði tvílitna og ferlitna yrki af rauðsmára. Ferlitna yrkin eru stærri og uppskerumeiri.

Betty (4n)	SW	Mikið prófað. Ágætlega endingargott og uppskerumikið.
Bjursele (2n)	SW	Mikið prófað. Ágætlega endingargott og uppskerumikið.
Lars (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lasse (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lavine (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lea (2n)	Gram.	Ágætlega endingargott og uppskerumikið. Hefur líklega betra vetrarþol en mörg ferlitna yrkin.
Lone (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Torun (4n)	SW	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Yngve (2n)	SW	Ágætlega endingargott og uppskerumikið. Hefur líklega betra vetrarþol en mörg ferlitna yrkin.

2n=tvílitna, 4n=ferlitna.

Túnsmári (*Trifolium hybridum* L.)

Túnsmári er ekki eins vetrarþolinn og rauðsmári og hvítsmári. Hann gerir hins vegar minni kröfur til jarðvegs, þolir t.d. súrari jarðveg. Einnig þykir hann henta betur í þurrhey en hinar smáategundirnar. Það þarf að smita fræið áður því er sáð í nýtt land.

Alpo	Gram.	Gefur heldur minni uppskeru en Norstar hvítsmári. Sæmilegt vetrarþol.
------	-------	---

Grasflatir (*Amenity grasses*)

Margar tegundir, sem notaðar eru í grasflatir, hafa verið prófaðar í tilraunum hér á landi. Frá árinu 2007 hafa verið gerðar tilraunir í samstarfi við hin Norðurlöndin með tegunda- og yrkja-prófanir fyrir golfflatir. Út frá niðurstöðum þessara tilrauna og annarra hefur verið útbúinn norrænn listi með yrkjum sem mælt er með í grasflatir annars vegar og golfflatir hins vegar (www.scanturf.org). Golfflatayrkjunum er til viðbótar skipt upp í norður- og suðursvæði. Við mælum með því að þessi listi sé notaður þegar menn taka ákvarðanir um val á tegundum og yrkjum og sái ekki öðrum yrkjum í golfflatir en þeim sem eru tilgreind fyrir norðursvæðið. Í listanum eru einnig birtar einkunnir fyrir ýmsa eiginleika sem viðkomandi yrki hafa fengið í tilraununum og hægt er að raða yrkjunum eftir mismunandi eiginleikum.

Hér eru listaðar þær tegundir og yrki, sem hafa verið í prófunum hérlendis og reynst vel.

Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Í heildina hefur túnvingull lifað betur en aðrar tegundir í golfflötum hér á landi. Tvær undirtegundir túnvinguls hafa verið prófaðar, *commutata* og *tricophylla*. Túnvingull er ekki áburðarfrekur og hefur ágætt þol gagnvart sjúkdómum. Hann hentar því vel hér á landi.

Commutata

Bargreen	Bar.
Barswing	Bar.
Cygnus	SW
Greensleeves	DLFT
Linda	Gram.
Musica	Bar.
Olivia	EuroG.

Tricophylla

Amarone	DLFT
Baroyal	Bar.
Cezanne	Inno.
Corrida	DLFT
Niola	EuroG.
Viktorka	Bar.

Língresi (*Agrostis*)

Língresið hefur ekki reynst eins vetrarþolið og túnvingull hérlendis og einnig reynst viðkvæmara fyrir sveppasmiti. Língresi þarf meiri áburð en túnvingull.

Týtulíngresi (*Agrostis canina* L)

Avalon	SRO
Legendary	DLFT
Vesper	ScanS.
Villa	Inno.

Hálíngresi (*Agrostis capillaris* L.)

AberRoyal	ScanS.
Bardot	Bar.
Jorvik	DLFT
Leirin	Gram.
Nor	Gram.

Skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera* L.)

CY-2	DLFT	Reyndist betur en önnur yrki í tilraun á Korpu.
Independence	Inno.	
MacKenzie	ScanS.	

Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Vallarrýgresi er fljótt til og þekur vel. Nokkur yrki voru í prófun hér. Það hefur ekki eins mikið vetrarþol og túnvingull og þarf meiri áburð.

Columbine	DLFT	
Mondial	AS	
Ronja	SW	Tekur flestum yrkjum fram árið eftir sáningu í Mið- og Norður-Noregi.

Snarrótarpuntur (*Deschampsia caespitosa* L.)

Barcamp	Bar.
---------	------

Skuggasveifgras (*Poa supina* Schrad.)

Supranova	EuroG.
-----------	--------

Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Conni	DLFT	Þolið og gefur fallega flöt.
Julia	Inno.	

Sauðvingull (*Festuca ovina* L. var. *duriuscula*)

Crystal	DLFT	Þolið og gefur fallega flöt.
---------	------	------------------------------

Uppgræðsla (*Land reclamation*)

Við uppgræðslu þarf að velja tegundir og yrki með hliðsjón af aðstæðum og markmiði uppgræðslunnar. Svæði sem á að græða einkennast oft af frostlyftingu og næringarskortri og markmiðið er að binda yfirborðið. Sömu yrki geta líka hentað til ræktunar grasflata, þar sem ekki er búist við mikilli umhirðu.

Ef óskað er eftir þekju samsumars má nota skammlífari tegundir og yrki úr túnræktar- og grasflatalista. Þau munu hafa fyrir innlendum gróðri.

Túnvingull (*Festuca rubra* L.)

Angela	DLFT	Ekki prófað á Íslandi.
Center	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Cindy	Inno.	Ekki prófað á Íslandi.
Frigg	Gram.	Uppskerulítið yrki, fremur gisið. Talið geta komið í stað Leik í Noregi. Ekki prófað á Íslandi.
Koket	AS	Álitlegt skv. norskum tilraunum. Fremur uppskerumikið. Ekki prófað á Íslandi.
Leik	Gram.	Öflugt yrki til uppgræðslu, en verður gisið þar sem frostlyfting er.
Sámur	Lbhí	Myndar góða þekju og hamlar frostlyftingu sæmilega.
Wilma	SW	Ekki prófað á Íslandi.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Fylking	SW	Harðgert og þurrkþolið og myndar þéttan svörð.
Lavang	Gram.	Harðgert og þurrkþolið og myndar þéttan svörð.

Beringspuntur (*Deschampsia beringensis* Hult.)

Beringspuntur hefur reynst næstur melgresi í þoli á sandsvæðum. Hann er þurrk- og vetrarþolin, en þolir frostlyftingu illa.

Origin Norcoast Lbhí

Melgresi (*Leymus arenarius* L. Hochst.)

Fræi er safnað af nokkrum staðarafbrigðum og notað til að hefta sandfok.

Snarrótarpuntur (*Deschampsia caespitosa* L.)

Snarrót er ekki eftirsóknarverð í tún. Hún getur hins vegar auðveldlega sáð sér inn í tún bænda frá vegköntum. Þess vegna ætti ekki að nota hana á láglandi og ekki á svæðum þar sem lítið er af henni. Ekki eru til viðurkennd yrki af snarrót. Fræ er tekið af staðarafbrigðum af ótilgreindum uppruna.

Sauðvingull (*Festuca ovina* L. var. *duriuscula*)

Sauðvingull myndar þetta gróðurmottu, sem bindur yfirborðið vel og hamlar frostlyftingu. Lítið bitinn er líður á sumarið. Sauðvingull hentar líka vel í grasflatir, þar sem umhirða er lítil.

Quatro Inno. Fremur fljótt til og hamlar frostlyftingu vel. Ekki þolið við erfið skilyrði.

Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims)

Niturbindandi tegund sem getur orðið kröftug í rýru landi, harðger og vetrarþolin. Lúpína getur breytt gróðursamfélögum komist hún í þau. Ætti ekki að nota í grennd við þjóðgarða eða friðlýst svæði.

Mela Lbhí / Lr Óvalið íslenskt yrki.

Korn til þroska (*Cereals*)

Bygg (*Hordeum vulgare* L.)

Sexraðabygg (6r) þroskast að jafnaði fyrr en tvíraðabygg (2r). Það hefur aftur á móti að jafnaði veikt strá, brotnar í veðrum og leggst jafnvel. Því er sexraðabygg helst notað norðanlands, austan og vestan, einnig að hluta til í uppsveitum syðra. Tvíraðabygg er notað í lágsveitum syðra, auk þess sem Kría er notuð víða um land.

Aukusti (6r)	Bor.	Fljótþroska, nokkuð hávaxið, hefur aðeins verið í tilraunum eitt ár, en ræktun annað ár til viðbótar. Yrkið er áþekkt öðrum sexraðayrkjum, svo sem Brage og Wolmari, að vindþoli og uppskeru.
Brage (6r)	Gram.	Fljótþroska, nokkuð hávaxið, gefur góða uppskeru og er í flestu álitlegt. Veðurþoli er þó nokkuð ábótavant eins og hjá fleiri yrkjum af sama tagi.
Elmeri (6r)	Bor.	Miðlungi fljótþroska með stórt korn og hefur gefið góða uppskeru í hinum betri árum. Í köldu ári hefur það reynst miður. Veðurþol er furðumikið af sexraðayrki að vera.
IsLómur (6r)	Lbhí	Lágvaxið og strásterkt. Miðlungi fljótþroska og heldur titunni ávallt. Hefur hvorki sést leggjast né heldur hefur það brotnað. Hefur jafnan skilað góðri uppskeru en kornið getur verið nokkuð smátt. Til þess gert að standa af sér öll veður fram á haust. Hentar á þunga jörð og sérstaklega norðanlands.
IsSkúmur (6r)	Lbhí	Lágvaxið og strásterkt. Miðlungi fljótþroska og heldur titunni ávallt. Hefur hvorki sést leggjast né heldur hefur það brotnað. Hefur jafnan skilað góðri uppskeru en kornið getur verið nokkuð smátt. Til þess gert að standa af sér öll veður fram á haust. Hentar á sandjörð og sérstaklega sunnanlands.
Judit (6r)	SW	Fljótþroska, gefur góða uppskeru á frjósamri jörð en reynist miður á sandi. Getur farið illa í haustveðrum, sem gerir eftir að kornið er þroskað. Judit á einkum heima norðanlands.
Pilvi (6r)	SW	Fljótþroska. Áberandi er að axið drúpir og ber þá hnakkann hæst. Pilvi hefur í heildina reynst vel og hefur staðið nokkuð vel í haustveðrum.
Tiril (6r)	Gram.	Fljótþroska. Tiril er sagt arftaki Arve sem hér var notað árum saman og yrkin eru ekki ólík. Tiril hefur staðið sig misvel eftir árum. Sjúkdómsþol er til dæmis ekki gott og í votviðrum kemur það niður á útliti og uppskeru. Tiril er norrænt yrki og nýtur sín best á austanverðu Norðurlandi.
Trym (6r)	Gram.	Miðlungi fljótþroska, hefur gefið afar góða uppskeru í góðum árum, en komið hafa þau ár að það er tæpast nógu fljótþroska. Veðurþolið með betra móti af sexraðayrki að vera.
Wolmari (6r)	Bor.	Fremur fljótþroska og uppskerumikið og reynist í heildina vel. Veðurþolið er ekki til vansa. Á líklega helst heima norðanlands en getur líka gengið í uppsveitum syðra.
Barbro (2r)	SW	Tiltölulega seinþroska. Barbro hefur reynst nokkuð vel sunnanlands en miður annars staðar. Yrkið er hávaxið af tvíraðabyggi að vera og getur gefið mikla uppskeru í góðum árum en stendur ekki haustveðrin af sér á sama hátt og Filippa.
Filippa (2r)	SW	Tiltölulega seinþroska. Þolir súra jörð. Á best heima á framræstum mýrum sunnan til á landinu en hentar ekki norðanlands. Filippa ber stórt og fallett korn og gefur oft ágæta uppskeru. Í haustríningum hallast Filippa en brotnar ekki og yfirleitt tekst að skafa hana upp.
IsKría (2r)	Lbhí	Miðlungi fljótþroska. Kría hentar til notkunar víða um land síst þó á austanverðu Norðurlandi. Víðast er Kría valin vegna öryggis, þó er það gert á mismunandi forsendum eftir landshlutum. Norðanlands stendur Kría betur en sexraðayrkin og þar má láta hana standa fram eftir hausti. Sunnanlands er Kría mun fljótari til þroska en þau tvíraða-yrki sem þar er um að velja.

Mitja (2r)	SW	Tiltölulega seinþroska. Yrkið minnir nokkuð á Filippu, en er þó ívið lægra á vöxt. Hefur staðið vel í haustveðrum og hentar til ræktunar syðst á landinu.
Saana (2r)	Bor.	Seinþroska. Saana er einstaklega strásterkt og fallett yrki og stendur vel langt fram eftir hausti. Saana þarf langan vaxtartíma en þolir líka haustveðrin flestum yrkjum betur.

Hafrar (*Avena sativa* L.)

Hafrar eru seinni til þroska en bygg en gera aftur á móti ekki eins miklar kröfur til jarðvegs. Hafrar þola til að mynda þurrk betur en bygg. Hafrar ná frekast þroska á sandjörð og geta þá gefið mikla uppskeru. Venjulega lætur gæs og álftr hafra í friði og eru þeir nokkuð þolgóðir í haustveðrum. Áburðarþörf er ívið minni en á bygg.

Mörg og góð yrki eru í boði í grannlöndunum, einkum í Noregi og Finnlandi. Niðurstöður úr tilraun á Korpu 2012 liggja til grundvallar eftirfarandi mati.

Akseli	Bor.	Nokkuð fljótþroska og álitlegt. Reyndist prýðilega í tilraun 2012, en hefur lítið verið í almennri ræktun.
Cilla	SW	Fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki. Eina yrkið sem notað hefur verið í alvöruræktun undanfarin ár.
Haga	Gram.	Nýtt yrki, norskt. Ekki eins fljótþroska og yrkin hér á undan, en afar uppskerumikið. Þyrfti gott ár og hlýviðrissveit til að sýna sínar bestu hliðar.

Vorhveiti (*Triticum aestivum* L.)

Vorhveiti þarf langt og hlýtt sumar eða allt að því mánuði lengri vaxtartíma en fljótþroska bygg við íslenskar aðstæður. Ekki má búast við að það nái viðunandi þroska nema í allra bestu árum og í góðsveitum. En hveiti stendur betur af sér haustveður en aðrar tegundir korns.

Úrvalið af fljótþroska yrkjum af vorhveiti er mjög lítið.

Anniina	Bor.	Var áberandi fljótast til þroska í tilraunum 2009. Hefur síðan verið notað dálítið með góðum árangri í bestu sumrum.
Bastian	Gram.	Næst fljótast í tilraunum 2009. Hefur líklega ekki verið notað til ræktunar hér enn sem komið er.
Wappu	Bor.	Sett hér til vara. Hefur ekki verið reynt í tilraunum, en er talið fljótþroska af yrkiseigendum.

Vetrarhveiti (*Triticum aestivum* L.)

Sáð í júlí–ágúst. Venjulega er tvísýnt um hvernig hveitinu vegnar yfir veturinn, en ef það lifir, þá byrjar vöxturinn snemma. Kröfur til sumarhita eru því ekki alveg jafnmiklar og hjá vorhveiti. Vetrarhveiti hentar einungis þar sem vetrarveðrátta er mild eða þá stöðug.

Arktika	Bor.	Vetrarþolið, uppskerumikið, miðlungi fljótþroska og hefur staðið sig vel í ræktun. Vart hefur orðið við að stráið sé veikt og því sé hættara við legu en öðru vetrarhveiti.
Björke	SW	Miðlungi vetrarþolið, en fljótþroska síðara árið. Hefur reynst viðunandi í ræktun hér. Uppskeyra í meðallagi.
Magnífik	SW	Erlendar niðurstöður segja að þetta sé vetrarþolnasta yrki á markaðnum. Í tilraunum hér hefur verið staðfest, að það sé með þeim þolnustu. Uppskeyru-mikið, en fremur seint til þroska síðara árið.
Urho	Bor.	Gamalt yrki, einstaklega vetrarþolið og fremur fljótþroska síðara árið. Uppskeyra þó heldur í minna lagi. Hefur verið notað hér.

Vetrarrúgur (*Secale cereale*)

Sáð í júlí–ágúst. Rúgur er mun vetrarþolnari en vetrarhveiti og þar með ekki eins áhættusamur í ræktun. Hitapörf síðara árið er þó ekki ólík því, sem er hjá hveiti. Rúgur er hávaxinn og getur gefið mikla uppskeru og gefur mikinn hálm.

Reetta	Bor.	Hefur reynst vel bæði í tilraunum og ræktun. Er vetrarþolið og uppskerumikið yrki, en ekki sérlega fljótt til þroska síðara sumarið.
Caspian	SW	Sett hér til vara. Hefur ekki verið reynt hér í tilraunum. Erlendis er það talið uppskerumikið og mælt er með því fyrir norðurhluta Svíþjóðar.

Grænfóður (*Green fodder crops*)

Grænfóður er sundurleitur flokkur ræktunarjurta. Að hluta til er um að ræða tegundir, sem að öllu jöfnu eru ætlaðar til fræþroska, en hér á landi notaðar hálfþroskaðar til grænfóðurs. Svo er um korntegundirnar, repju að hluta og einæra lúpínu, svo að dæmi séu tekin. Aðrar tegundir eru eingöngu ræktaðar og kynbættar til grænfóðurs, svo sem einært og tvíært rýgresi. Í þeim tegundum er að jafnaði um mörg yrki að velja.

Ekki eru grænfóðuryrki jafnvandvalin og fjölær grös og korn, sem annað hvort þurfa að lifa íslenskan vetur eða ná þroska á svölu sumri.

Bygg (*Hordeum vulgare L.*)

Nota má mörg þau sömu byggyrki til grænfóðurs og mælt er með til þroska. Einungis þarf að breyta þroskaferli, til dæmis með því að seinka sáningu og líka að auka áburðargjöf. Hér er þó mælt með yrki, sem er eins og sniðið sé að þessum hugmyndum.

Edel (6r)	Gram.	Seint til þroska, blaðríkt og hávaxið. Sprettur mikið við góða áburðargjöf.
-----------	-------	---

Hafrar (*Avena sativa L.*)

Sumaryrki vaxa hraðar en vetraryrki fyrri hluta sumars, en tréna þegar kemur fram á haustið. Sumaryrki standa sig venjulega betur en vetraryrki í samkeppni við illgresi. Sumaryrki þarf að slá snemma en vetraryrki mega bíða sláttar fram eftir sumri.

Sumaryrki:

Belinda	SW	Fremur seint til þroska miðað við hafrayrki almennt. Hentar vel sem sumar-hafrar, snemmslegnir. Þaulreynt yrki og mikið notað.
---------	----	--

Vetraryrki:

Jalna	PBI	Yrki að góðu þekkt úr gömlum tilraunum hér á landi og er enn til.
-------	-----	---

Vetrarrúgur (*Secale cereale L.*)

Sáð í júlí–ágúst, látinn spretta til haustsins og lifa veturinn. Byrjar að spretta mjög snemma. Notaður til beitar í maí og eitthvað fram í júní.

Riíhi	Bor.	Vetrarþolið yrki, sprettur ört snemma vors, verður gríðarlega hávaxið ef ekki er beitt. Á þá alla möguleika á því að þroska korn, en ekki þykir yrkið uppskerumikið.
-------	------	--

Einært rýgresi (*Lolium multiflorum Lam.*)

Sáð snemma vors. Slegið samsumars, venjulega tvisvar. Sprettur eftir slátt langt fram á haust og gefur þá góða haustbeit. Tvílitna rýgresi er þurrefnisríkara en það ferlitna og hentar því betur í rúlluverkun. Ferlitna rýgresi er aftur á móti mun lystugra en það tvílitna og er eftirsóttara af beitarfénaði.

Sumaryrki skriða samsumars og búast til að þroska fræ. Gæta þarf þess að slá þau snemma og gefa þeim færi á að spretta aftur. Vetraryrki skriða yfirlétt lítið eða ekki, eru gerð til þess að lifa veturinn og skriða sumarið eftir. Hérlendis lifa þau ekki veturinn nema í undantekningartilvikum og má því telja þau einær. Þau spretta hægar en sumaryrkin, en halda líka meltanleikanum betur fram eftir sumri.

Sumaryrki (var. *westerwoldicum*):

Barspectra	Bar.	Ferlitna, gamalt yrki og hefur alltaf reynst hér vel. Hávaxið og skríður snemma, gefur líka góðan endurvöxt.
Bartigra	Bar.	Ferlitna, svipað undanfarandi tegund. Fær þá einkunn bæði héraendis og erlendis, að það sé ákaflega fljótt af stað eftir sáningu og sérlega öflugt í samkeppni við illgresi. Þarf að slá snemma, en það gefur góðan endurvöxt.
Swale	SW	Tvílitna, mjög uppskerumikið, skríður dálítið. Líkur eru á, að þetta yrki gæti hentað vel í rúlluverkun.

Vetraryrki (var. *italicum*):

Barmultra	Bar.	Ferlitna, blaðríkt, lágvaxið og skríður nánast ekkert. Þrautreynt héraendis og mikið notað um árabíl.
Danergo	DLFT	Ferlitna, kröftugra en undanfarandi tegund, svipar þó til hennar að mörgu leyti. Skríður mjög lítið, en það er kostur.
Malmi	NP	Ferlitna, mjög vöxtulegt af vetrarrýgresi að vera og kröftugt í samkeppni við illgresi. Skríður dálítið.

Fóðurmergkál (*Brassica oleracea* L. var. *acephala*)

Afar kröftugt og uppskerumikið í góðu sumri, en sprettur seint og verður áfallasamt þegar illa árar. Því hefur repjan tekið við hlutverki þess að stórum hluta héraendis. Sá þarf eins snemma og mögulegt er til að nýta sumarið.

Grüner Angeliter	ASP	Þrautreynt yrki og hefur verið notað hér um langt árabíl.
Maris Kestrel	PBI	Gamalt yrki og hefur reynst vel í tilraunum
Marrow Stem	SISL	Gamalt yrki og hefur reynst vel í tilraunum

Fóðurrepja (*Brassica napus* L. var. *oleifera* DC)

Er bæði til einær og tvíær. Einæra afbrigðið blómstrar sama ár og sáð er, missir þá fóðurgildi sitt og hentar ekki sem grænfóður. Tvíæru afbrigðin safna forða sáðárið, en blómstra ekki nema frost geri á sprettutíma. Þessi tegund er mjög mikið notuð héraendis.

Vetraryrki:

Barcoli	Bar.	Uppskerumikið, þrautreynt héraendis og hefur verið notað lengi. Hefur ævinlega hlotið góða dóma í tilraunum.
Delta	SW	Lágvaxið og blaðríkt yrki. Gamalt og þrautreynt.
Hobson	AS	Blaðríkt yrki, hættir lítið til að blómstra. Þetta yrki hefur náð vinsældum og ekki meira notað af öðru yrki héraendis síðustu ár.

Fóðurflækja (*Vicia sativa* L.)

Á fyrri hluta 20. aldar voru gerðar margar og ítarlegar tilraunir með einærar belgjurtir til grænfóðurs. Áhugi vaknaði aftur á síðasta áratugi aldarinnar. Fóðurflækju (hún er náskyld umfeðmingi) er ævinlega sáð með byggi eða höfrum, sem halda henni uppi. Niturtillífun flækjunnar kemur bæði henni sjálfri og svarðarnautum til góða, en steinefni þarf að bera á. Flækju þarf að smita með viðeigandi rótargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

Nitra	Bar.	Valið best þeirra yrkja sem reynd voru í tilraunum um aldamótin síðustu.
-------	------	--

Gráerta (*Pisum sativum* L.)

Afkastamest þeirra einæru belgjurta sem reyndar voru í tilraunum á 20. öld og eina tegundin, sem verið hefur í notkun síðasta áratug. Ertu er annað hvort sáð með byggi eða höfrum, sem halda henni uppi, er oft notuð sem heilsæði með hálfproskuðu byggi. Niturnám ertunnar kemur bæði henni og svarðarnautum til góða, en steinefni þarf að bera á. Ertu þarf að smita með viðeigandi rótargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

Bohatyr	Oseva	Reynt í tilraunum með góðum árangri.
Timo	SW	Valið best þeirra yrkja, sem reynd voru fyrir og um aldamótin síðustu.
Tinker	KWS	Hefur ekki verið reynt í tilraunum. Tilgreint hér til vara. Hefur verið flutt inn og notað síðustu árin og ekki undan því kvartað.

Einær fóðurlúpína (*Lupinus spp.*)

Með kynbótum hefur fóðurlúpínan verið losuð við beiskjuefni. Tvær tegundir eru notaðar af þessari einæru lúpínu, gul *L. luteus* og blá *L. angustifolium*. Þær tegundir voru reyndar ítarlega hérlendis fyrir og um aldamótin. Ekki fyrirfinnast á markaði eins og er yrki sem prófuð voru af þeirri gulu, reyndist hún þó ívið betri í tilraunum. Rótarkerfi lúpínunnar er mjög öflugt og virðist litla þörf hafa fyrir áburð af hverju tagi sem nefnist. Lúpína er jafnan ræktuð ein sér. Lúpínu þarf að smita með viðeigandi rótargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

L. angustifolius (blá)

Sonet	Poz.	Valin best þeirra yrkja, sem reynd voru í tilraunum fyrir og um aldamótin síðustu.
-------	------	--

Garðávextir (*Potatoes and swedes*)

Kartöflur (*Solanum tuberosum*)

Fjöldi kartöfluyrkja er í boði. Útlend yrki, mörg hver, ná ekki að safna því þurrefnisinnihaldi á íslensku sumri að þau verði ákjósanlegar neyslukartöflur. Til heimilisnota henta því íslensku yrkin að jafnaði betur. Í annan stað þarf að finna yrki sem henta til framleiðslu á forsoðnum kartöflum. Til þess verður að skræla kartöflurnar hráar og augun verða því að vera grunn og það á ekki að jafnaði við um íslensku kartöflurnar.

Annabelle	HZPC	Valin úr tilraunum Lbhí og Matís 2007-11. Heldur vatnskennd miðað við íslensku yrkin, grasið lítið, en ákaflega margar kartöflur og jafnstórar undir hverju grasi. Þykir einstaklega bragðgóð. Kartaflan er aflöng með grunn augu, en eitthvað sem minnir á krók á öðrum enda gerir hana illa hæfa til verksmiðjuvinnslu.
Belana	EP	Valin úr tilraunum Lbhí og Matís 2007-11. Þurrefni með betra móti af útlendum kartöflum að vera, er þó ekki á við íslensku yrkin. Kartaflan þykir bragðgóð, yfirvöxtur er lítill. Kartaflan er ávöl og með grunn augu og hentar vel til verksmiðjuvinnslu.
Gullauga		Í innlendri stofnrækt. Þurrefnisríkt, þéttar kartöflur með nokkuð djúpum augum, grasið með meira móti. Bragðið er vellátið og kunnuglegt, enda er Gullauga undirstaðan í kartöfluræktun til matar hér á landi og skilar öruggri uppskeru.
Helga (Rautt Gullauga)		Í innlendri stofnrækt. Yrkið telst vera rautt litarafrígríði af Gullauga og er ekki frábrugðið því á annan hátt.
Premiere		Í innlendri stofnrækt. Þurrefni ekki eins mikið og í íslensku yrkjunum þremur, grasið lítið. Bragðið svolítið sérkennilegt og ekki við allra hæfi. Kartöflurnar vænar og vellagaðar með grunn augu.
Rauðar íslenskar		Í innlendri stofnrækt. Þurrefnisríkar og bragðgóðar, grasið áberandi mikið. Ræktaðar hér við órofa vinsældir í 250 ár. Liturinn er rauður og augun djúp. Yrkið hentar því ekki til verksmiðjuvinnslu, en gefur þeim mun betri neyslukartöflur.

Gulrófur (*Brassica napus L. rapifera Metzg.*)

Gulrófur voru lengi mikilvæg ræktunaryrkt. Þótt dregið hafi úr gulrófnarækt skiptir hún enn miklu máli. Ræktuð voru hér mörg staðbrigði af rófum framan af 20. öld. En þegar rófur eru ræktaðar til fræs utandyra, þá er mikil hætta á blöndun við skyld afbrigði, svo sem repju, sem er í raun sama tegund og gulrófan. Þetta kom greinilega fram, þegar farið var að rækta fræ af íslenskum gulrófum í Danmörku til sölu, stundum kynslóð fram af kynslóð.

Mariubakkarófa	Lbhí	Sama rófa og nefnd var Kálfafellsrófa um miðja síðustu öld. Er fremur smá, en vellöguð og þykir einstaklega bragðgóð. Einkennist af því að kálið er fyrirferðarlítið og liggur flatt, en rís ekki upp. Stofnfræ er til, en ekki er framleitt fræ af Mariubakkarófu eins og er.
Sandvíkurrófa	HJ	Úrval úr íslenskum gulrófum eins og þær voru orðnar um 1980 eftir margra kynslóða frærækt í Danmörku. Rófan er meðalstór, vellöguð og þykir bragðgóð. Kálið upprétt. Fræ er ræktað í gróðurhúsi héraðs og fræmæður valdar af kostgæfni.
Vige	Log	Stórvaxin gulrófa af Þrándheimskyni. Sögð þægileg í ræktun og meðförum og skilar mikilli uppskeru. Rófur eru dálítið beiskar, en bragðið fellur neytendum í geð. Stendur undir bróðurpartinum af gulrófuræktun héraðs.

Ber (*Berries*)

Jarðarber (*Fragaria x ananassa*)

Útiræktun jarðarberja er möguleg hér á völdum stöðum. Gróðurreitir og akrildúkur flýta fyrir uppskeru. Yfirbreiðsla yfir blómgunartíma veldur lélegri frjóvgun. Yrkjunum er raðað eftir því hve fljótt þau þroska ber, þau fyrstu frá um 20/7–20/8. Hin seinni frá því um 30/7- og fram í frost.

Glima	Norskt	Snemþroska harðgert yrki. Planta fremur smá. Ber miðlungsstór, vel löguð, bragðgóð með súrum keim. Þroskar ber frá um 20/7. Uppskerumikil allt að 500 gr. á plöntu.
Jonsok	Norskt	Harðgert yrki meðalsnemþroska en seinna en Glima. Polið gegn mjöldögg og grámyglu. Ber meðalstór.
Zephyr	Danskt	Harðgert yrki, litlar plöntur. Fremur snemþroska. Ber meðalstór til stór með súrum keim. Viðkvæm fyrir mjöldögg.
Korona	Hollenskt	Stórar uppréttar plöntur. Seinþroska. Þroskast illa í köldum árum. Ber mjög stór og vel löguð, sæt og bragðmikil. Plöntum hættir við kali.
Bounty	Kanadískt	Plöntur stórar. Hefur reynst vel í útiræktun í Eyjafirði. Frekar seinþroska. Berin eru stór, vel löguð, sæt og dökkrauð.

Rifsber (*Ribes pallidum* og *Ribes rubrum*)

Rifsber eru samheiti á bæði tegundum og tegundablendingum.

Rauð hollensk, <i>R. pallidum</i>	Gamalreynt yrki sem hefur verið í ræktun á Íslandi frá a.m.k. um 1830. Þroskar ber vanalega um og eftir mánaðarmót ágúst/september. Uppskeyra getur brugðist norðanlands í köldum sumrum.
Hvít hollensk, <i>R. pallidum</i>	Með gulhvít ber og sætari á bragðið en Rauð hollensk. Harðgert á Suðurlandi og gefur ágæta uppskeru í skjóli.
Jonkheer van Tets, <i>R. rubrum</i>	Hollenskt yrki. Harðgert á Suðurlandi og gefur góða uppskeru á skjólsælum stöðum. Gaf álíka eða betri uppskeru en Rauð hollensk í tilraunum á Möðruvöllum í Eyjafirði en kól meira. Langir berjaklasar og stór ber.

Sólber (*Ribes nigrum*)

Fjöldi gamalla og nýrra yrkja af sólberjum gefur kost á að velja yrki eftir þroskatíma berja, bragði, stærð og hentugleika til notkunar. Bragð og þéttleiki sólberja er mjög mismunandi og henta því ýmist til sultugerðar, frystingar eða að vera etin beint af runnanum. Þroskatími er frá lokum júlí til loka ágúst.

Melalahti	Finnskt	Upprétt og sterklegt vaxtarlag. Mjög harðgert og snemmproska yrki. Mikil og góð reynsla. Getur kalið í kaldari sveitum og köldum árum norðanlands og austan. Berjaklasar þroskast missnemma á greinum en þeir fyrstu eru mjög snemmproska, hefur því nokkuð langan uppskerutíma. Ber góð til neyslu beint af runna. Hentar ekki til berjaframléiðslu, en vel í heimilisgarða, útivistarskóga og á skólalóðir.
Jänkisjärvi	Finnskt	Upprétt vaxtarlag. Snemmproska, mjög harðgert yrki sem hentar vel norðanlands og austan en er hætt við að lifna snemma og lenda í seinum vorhretum sunnanlands. Mikil uppskera og stór ber.
Sunderbyn II	Sænskt	Snemmproska og harðgert yrki, ónæmt fyrir mjöldögg. Líklega harðgerasta yrkið fyrir kaldari sveitir norðanlands og austan en er hætt við að lifna snemma og lenda í seinum vorhretum sunnanlands. Uppskera nokkuð mikil. Ber frekar smá.
Polar	Dafo	Runni uppréttur. Hefur reynst öruggur á höfuðborgarsvæðinu. Ónæmur fyrir mjöldögg og blóm þola næturfrost. Meðalstórir klasar með stórum berjum sem þroskast snemma og jafnt. Mikil uppskera. Berin bragðdauf en henta til sultugerðar og stórframléiðslu.
Nikkala XI	Sænskt	Mjög harðgert yrki en runninn er nær jarðlægur og þarf að binda greinarnar upp. Mikil og stór ber. Gefur mjög mikla uppskeru en þroskar nokkuð seint. Uppskerumest sólberjarkja á Möðruvöllum í Eyjafirði.
Öjebyn	Sænskt	Runni uppréttur en greinar leggjast nokkuð mikið niður sérstaklega í niturríkum jarðvegi. Ónæmt fyrir mjöldögg. Getur kalið í kaldari sveitum og köldum árum norðanlands og austan. Blómgast seint og þroskar ber jafnt en fremur seint. Ber stór, bragðmikil og góð. Hentar vel í heimilisgarða.
Storklas	Sænskt	Var kynnt sem endurbætt yrki af Öjebyn í Svíþjóð. Runni uppréttari en Öjebyn en greinar leggjast undan þegar berin þroskast. Ónæmur fyrir mjöldögg. Ber mjög stór, en þroskast nokkuð seint. Berin eru bragðgóð, nokkuð súr og með þykku hýði, henta vel til frystingar og sultugerðar. Góð reynsla á höfuðborgarsvæðinu.

Stikilsber (*Ribes uva-crispa*)

Þroska ber nokkru síðar en rifs, oft ekki fyrr en upp úr miðjum september. Ná ekki þroska í öllum árum. Þau yrki sem ræktuð eru hérlendis eru blendingar milli ameríksks stikilsbers (*Ribes hirtellum*) og evrópsks (*Ribes uva-crispa*)

Hinnomäki gul	Einnig kallað Hinnonmäen Keltainen. Þolinn gegn mjöldögg. Ber gulgræn með þunnu hýði. Sæt og góð fersk.
Lepaan Punainen	Uppréttur og nokkuð hávaxinn. Nær árviss og mikil uppskera sunnan- og vestanlands. Þolinn gegn mjöldögg. Stór brúnrauð ber.
K. F. Packalen	Ber gulgræn til græn. Góð uppskera á höfuðborgarsvæðinu.

Iðnaðarplöntur (*Industrial plants*)

Hér er eingöngu um að ræða tegundir af ættkvíslinni *Brassica*. Annars vegar er það nepja (*rybs* á Norðurlandamálum, sama tegund og næpa) og hins vegar repja (*raps* á Norðurlandamálum, sama tegund og gulrófa). Af báðum tegundum eru til vetrar- og sumarafbrigði.

Olíurepja (*Brassica napus L. var. olifeira DC*)

Getur gefið mun meiri uppskeru en nepja, ef veðurfar leyfir. En er viðkvæmari á öllum sviðum. Vetrarþol vetrarafbrigðanna er varla nóg til ræktunar hér á landi og repjan þarf líka hlýtt og langt sumar til að ná þroska. Það á bæði við um vetrar og vorafbrigði. Hitta verður á afbragðssumar, ef uppskera á að nást af sumarrepju.

Vetraryrki:

Galileo	SW	Vetrarþol í meðallagi af repju að vera. Tiltölulega fljótt til þroska síðara árið. Hefur verið reynt héraendis í tilraunum og notað eitthvað.
Rohan	NP	Hefur gefið góða raun í einni tilraun héraendis.
Visby	NP	Hefur sömuleiðis gefið góða raun í einni tilraun hér á landi.

Sumaryrki:

Tamarin	SW	Hefur verið tvisvar í tilraunum hér og reynst skást reyndra yrkja. Vonir um þroska þess eru þó ekki miklar.
Trapper	NP	Þetta yrki var langbest í einni tilraun, en hefur ekki verið prófað oftar.

Olíunepja (*Brassica rapa L. var. olifeira DC*)

Vetrarafbrigðið gefur meiri vonir um þroska en sumarafbrigðið, því að það byrjar vöxtinn snemma vors. Eins gefur það von um meiri uppskeru. Á móti kemur sá áhættuþáttur, hvort vetrarafbrigðið lifi veturinn eða deyi drottinn sínum. Ræktun á sumarnepju er hins vegar vandálítil, en gefur ekki miklar uppskeruvonir og þarf auk þess langt sumar.

Vetraryrki:

Largo	SW	Nokkuð vetrarþolið, en það getur brugðið til beggja vona. Lífir best þar sem veðráttu er stöðug, annað hvort snjór og frost allan veturinn eða jöfn hlýindi. Ef vetrarnepjan lifir veturinn, á hún yfirleitt ekki í vandræðum með að ná þroska sumarið eftir.
-------	----	---

Sumaryrki:

Cordelia	Bor.	Hefur að jafnaði gefið nýtilega uppskeru bæði í tilraunum og ræktun. Tiltölulega áhættulítið í ræktun.
Juliet	Bor.	Áþekkt undanfarandi yrki og jafnmikið reynt. Nokkurn veginn öruggt í ræktun, en uppskeruvonir ekki miklar.

Viðauki I

Listi yfir kynbótafyrirtæki / eigendur

List of breeders / owners of the cultivars

AS	Advanta Seeds BV, P.O. Box 1, 4410 AA Rilland, Holland.
ASP	Asmus Soren Petersen, Postfach 6, 24976 Langballig, Þýskaland.
Bar.	Barenbrug Holland B.V., P.O. Box 1338, 6501 BH Nijmegen, Holland.
Bor.	Boreal Plant Breeding, Myllytie 10, 31600 Jokioinen, Finnland.
BPG	Bayerische Pflanzenzucht Gesellschaft EG & Co. KG Elisabethstrasse 38, 80796 Munchen, Þýskaland.
Dafo	Dansk Forskning, Udkærsvej 15, Skejby, DK 8200, Århus N.
DLFT	DLF-Trifolium A/S, P.O. Box 19, Højerupvej 31, 4660 Store Heddinge, Danmörk.
EP	Europlant Pflanzenzucht GmbH, P.O. Box 1380, Lüneburg 21303, Þýskaland.
EuroG.	Euro Grass B.V., P.O. Box 26, 6590 AA Gennep, Holland.
Gram.	Graminor AS, Björke Forsøgsgård, N-2344 Ilseng, Noregur.
GSSG	G. Schneider Saatzucht GmbH, Postfach 6, 24976 Grundhof, Þýskaland.
HJ	Hannes Jóhannsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss, Ísland.
HZPC	HZPC Holland B.V., Edisonweg 5, 8501 XG Joure, P.O.Box 88, 8500 AB Joure, Holland
Inno.	Innoseeds bv, c/o Højerupvej 31, DK 4660 Store Heddinge, Danmörk
Kraj.	Instytut Krajowych Wlokien Naturalnych, ul. Wojska Polskiego 71b, 60-630 Poznan, Pólland.
KWS	KWS LOCHOW GMBH, Postfach 11 97, 29296 Bergen, Þýzkaland.
Log	LOG, Postbox 141, Ökern, N-0580 Oslo, Noregur.
Lr	Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 850 Hella, Ísland.
Nick.	Nickerson Seeds Ltd, Joseph Nickerson Research Centre, Rothwell, Lincolnshire, LN7 6DT, England.
NP	Norddeutsche Pflanzenzucht Hans-Georg Lembke KG, Hohenlieth, 24363 Holtsee, Þýzkaland.
Oseva	Oseva UNI a.s., Chocen Na bile 1231, 565 14 Chocen, Tékkland.
PBI	PBI Cambridge Ltd, Maris Lane, Trumpington, Cambridge, CB2 2LQ, England.
Poz.	Poznanska Hodowla Roslin Sp.zoo, z/s w Tulcach 250 B, ul. Kasztanowa 5, 63-004, Tulce, Pólland.
Lbhí	Landbúnaðarháskóli Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík, Ísland.
SISL	Sharpe's International Seeds Ltd, Boston Road, Sleaford, Lincs., NG34 7HA, England.
SRO	Seed Research of Oregon Inc., P.O. Box 1416, CORVALLIS, Oregon 97339, USA
SW	Lantmännen SW Seed AB, S-268 81 Svalöv, Svíþjóð.
TG	Tollef Grindstad, 1890 Rakkestad, Noregur.

Sáðmagn helstu tegunda (Seed rate)**Fóðurtegundir**

Tegund	kg/ha í hreinrækt	
Axhnoðapunktur	25–30	
Beringspunktur	15–20	
Bygg	180–200	Grænfóður 200
Einært rýgresi	30–40	
Erta	200–250	Með 100–150 kg af höfrum eða byggi
Fóðurflækja	100	Með um 100 kg af höfrum eða byggi
Fóðurlúpína	200	
Fóðurmergkál	8–10	
Fóðurrepja	8–10	
Gulrófur	1–2	
Hafrar	180–200	Grænfóður 200
Háliðagras	25–30	
Hálíngresi	10–15	
Hávingull	25–30	
Hvítsmári	9–11	3–5 í blöndu,
Olíunepja	6–8	
Olíurepja	4–6	
Rauðsmári	12–14	6–8 í blöndu
Sandfax	35–40	
Sauðvingull	25–30	
Snarrótarpunktur	15–20	
Stórvingull	25–30	
Strandreyr	25–30	
Túnsmári	12–14	
Túnvingull	25–30	
Vallarfoxgras	20–25	
Vallarrýgresi	25–35	
Vallarsveifgras	20–25	
Vetrarhveiti	180–200	
Vetrarrúgur	180–200	Grænfóður 200
Vorhveiti	180–200	

Tegundir í grasflatir

Tegund	kg/ha í hreinrækt
Hásveifgras	150-200
Língresi	70-100
Sauðvingull	250-300
Túnvingull	250-300
Vallarrýgresi	350-400
Vallarsveifgras	150-200